



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
nave@nave.is

Fornleifaskráning

*Fornleifaskráning vegna
deiliskipulags á Þúfneyri í
Patreksfirði*

Atli Rúnarsson

Maí 2026

NV nr. 07-26

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning Mán/ár: Maí 2026
Skýrsla nr: Nv nr. 07-26	Verknúmer: 729	Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: ☐ Háð leyfi verkkaupa
Upplag:	Verkstig:	
Heiti skýrslu: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Þúfneyri í Patreksfirði		Unnið fyrir: Vesturbyggð
Höfundur: Atli Rúnarsson		Verkefnastjóri: Atli Rúnarsson
ÚTDRÁTTUR Fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða gerði fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á Þúfneyri í Patreksfirði. Alls voru sex minjar skráðar á skipulagssvæðinu og tengdust þær flestar skipalægi á svæðinu.		
Undirskrift verkefnastjóra: 		Yfirlarið af: HULDA BIRNA ALBERTSDÓTTIR

EFNISYFIRLIT


1.	Inngangur	4
2.	Skráningarsvæðið	4
3.	Aðferðarfræði	5
3.1	Tilgangur fornleifaskráningar	5
3.2	Skráning fornleifa	6
4.	Saga Geirseyrar	6
4.1	Þúfneyri	7
5.	Fornleifaskrá	9
6.	Niðurstöður	15
6.1	Niðurstöður vegna tilefnis	15
7.	Heimildaskrá	16
8.	Punktaskrá	17
9.	Kort	18

1. INNGANGUR

Að beiðni Elfars Karlssonar, byggingarfulltrúa hjá Vesturbyggð, gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifaskráningu á deiliskipulagsreit á Þúfneyri í Patreksfirði. Þegar skráningin fór fram voru lágu mörk deiliskipulagsins fyrir en skipulagið sjálft var ekki tilbúið.

Náttúrustofa Vestfjarða sinnti framkvæmdareftirliti vegna línulagna á Þúfneyri árið 2025.¹ Árið 2010 gerðu Ragnar Edvardsson og Arnar Þór Egilsson neðansjávar könnun í kringum eyrina til að kanna hvort þar leyndust einhver skipsflök.²

Við þessa úttekt fór vettvangsvinna fram þann 4. maí 2026 og var unnin af Atla Rúnarssyni, fornleifafræðingi hjá Náttúrustofu Vestfjarða, og sá hann einnig um skýrslu- og kortagerð.



Mynd 1. Staðsetning skráningarsvæðisins

2. SKRÁNINGARSVÆÐIÐ

Eyrin sjálf er slétt en nokkuð bratt er niður á hana. Þúfneyri er að mestu grasi vaxin og er tjörn vestanvert í henni. Við framkvæmdareftirlit sumarið 2025 kom í ljós að undir grassverðinum var einungis að finna sjávarmöl.³ Skráningarsvæðið er samtals um 6,9 ha að stærð.

¹ Sjá: Kristín Sylvía Ragnarsdóttir, 2025

² Sjá: Ragnar Edvardsson, 2011

³ Kristín Sylvía Ragnarsdóttir, 2025, bls. 6

3. AÐFERÐARFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir jarðarinnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Allir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar með Juniper Archer 2 uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

3.1 Tilgangur fornleifaskráningar

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjastofnun Íslands viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma

vettvangskonunn umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausum. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

3.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíða Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið **3575** og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: *3575-001*.

4. SAGA GEIRSEYRAR

Elsta heimild um Geirseyri var skiptagjörningur Björns ríka Þorleifssonar árið 1467.⁴ Einhverjar deilur hafa svo orðið um jörðina eftir fráfall Björns, en næst var jarðarinnar getið í eignaskiptabréfi bræðranna Þorleifs og Einars Björnssona frá 1480 og fjallaði það um erfðadeilur þeirra bræðra eftir að móðir þeirra, Ólöf Loptsdóttir, féll frá.⁵ Næst var minnst á Geirseyri í skrá og reikningsskap Björns Guðnasonar um jarðagóss og eignir Bjarna Andréssonar, mágs hans, er þá var fallin frá og var jörðin þá metin á þrjátíu hundruðir.⁶

Eitthvað virðast erfðadeilur um Geirseyri hafa haldið áfram en í bréfi frá 1517 var sagt frá því að Bjarni Andrésson gæfi Helgu Gísladóttur til ævinlegrar eignar jörðina Geirseyri með tíu kúgildum, og skrifaði Ari Guðlaugsson prestur bréfið sem vitni af samkomulagi þeirra og þar sagði einnig að hann gæfi henni Geirseyri til frjálssar notkunar frá sér og sínum erfingjum til Helgu og hennar erfingja.⁷ Í bréfi frá 1521 vottaði Ormur nokkur Tumason um það sama og Ari prestur gerði,⁸ en í bréfi frá 1525 segir Guðrún Björnsdóttir að hún hafi fengið þrjátíu hundruðir í Geirseyri sem hluta af sinni heimanfylgju og ætti þar með tilkall í hluta jarðarinnar.⁹

Næst var sagt frá Geirseyri í eignaskiptabréfum frá 1556¹⁰ og 1557¹¹ og í Reikningakveri Eggerts Hannessonar árin 1570-1571.¹²

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 var sagt að á Geirseyri hafi verið bænhús sem var fyrir löngu eyðilagt og var jörðin metin 20 hundruð, að frátekinni Vatneyri. Jörðin var þá í eigu Ívars Þórólfssonar, Jóns Erlendssonar og barna Jóns Jónssonar í Vatnsdal, og Bjarni Egilsson bjó á hluta jarðarinnar og Ívar Þórólfsson á sínum hluta. Landskuldin og leigukúgildin á hluta Ívars voru ekki skrifuð þar sem hann bjó þar sjálfur en landskuldin af hluta Jóns

⁴ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 2. bindi, 1947-1950, bls. 46-53

⁵ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 6. bindi, 1947-1950, bls. 254-255

⁶ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 8. bindi, 1947-1950, bls. 267

⁷ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 8. bindi, 1947-1950, bls. 639

⁸ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 8. bindi, 1947-1950, bls. 823-824

⁹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 9. bindi, 1947-1950, bls. 270-271

¹⁰ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 13. bindi, 1947-1950, bls. 152

¹¹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 13. bindi, 1947-1950, bls. 175-176

¹² Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 15. bindi, 1947-1950, bls. 484 & 488

Erlendssonar voru 4 vættir 2 fjórðungar. Af hluta barna Jóns Jónssonar var landskuldin 1 vætt 1 fjórðungur og borgaðist skuldin í fiski á Eyri. Við til húsbygginga lagði leiguliðinn. Leigukúgildin voru á hluta Jóns Erlendssonar 4 og á hluta barna Jóns Jónssonar 1 og var leigan greidd með fiski eða smjöri. Engar kvaðir voru á jörðinni. Þegar jarðabókin var skrifuð voru samtals á Geirseyri 6 kýr, 2 kvígur, 41 ær, 25 geldir sauðir, 19 gemlingar og 1 hestur. Rifhrís var sagt mjög lítið og silungsveiði lítilsháttar, nýttist hún aðeins til beitu, en hrognkelsataka var góð á milli krossmessu og sumarmála. Heimræði var þar áður en fiskur lagðist frá fjörðum. Veturinn 1703 hafði Geirseyrartún hlotið stóran skaða af árhlaupi, einnig var sagt að það væri hættulegt að búa í bænum vegna voða af ána og að það yrði að flytja bæinn.¹³

Í jarðabók Johnsen frá 1847 var Geirseyri enn metin að 20 hundruðum í dýrleika og landskuldin var 1, kúgildi 5 og ábúendur voru 1 leigjandi,¹⁴ en í Ný jarðabók fyrir Ísland frá 1861 var Geirseyri metin á 15.8 hundruðir.¹⁵

4.1 Þúfneyri

Í ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar frá árunum 1752 – 1757 er sagt frá því að á Patreksfirði hafi eitt sinn verið höfn nokkru innar en höfnin sem var í notkun þegar ferðabókin var skrifuð.¹⁶ Verður Þúfneyri að teljast líklegur staður en aðrar heimildir eru fyrir því að þar hafi staðið skip.

Í örnefnaskrá Geirseyrar og Vatneyrar var sagt að eitt sinn hafi verið býli á Þúfneyri.¹⁷ Um og eftir aldamótin 1900 stóðu Geirseyrarskúturnar uppi á milli vertíða á Þúfneyri. Þar var þá þurrabúðakot og leit maðurinn sem bjó þar eftir skútunum.¹⁸ Líklega er þetta býlið sem talað er um í örnefnaskránni.



Mynd 2. Ljósmynd af skipinu Nora sem strandaði við Þúfneyri í kringum 1900. Myndin er tekin á árunum 1910-1920 og er í fórum Þjóðminjasafns Íslands.

Eins er minnst á í árbók Ferðafélags Íslands frá 2020 að á skútuöld hafi Geirseyrarskúturnar staðið við Þúfneyri og eftirlitsmaðurinn bjó þar í litlu steinhúsi sem búið er að jafna við jörðu.¹⁹ Sömu sögu er að segja í Barðstrendingabók en þar var sagt að á Þúfneyri hafi verið um tíma haft þilskipauppsátur frá Geirseyri, þar var þá ein þurrabúð sem nú hefur verið rifin.²⁰

Sigurður Magnússon, sem var læknir á Patreksfirði, minnst þess í æviminningum sínum að annan hvorn veturinn 1903-4 eða 1904-5 laskaðist norska skipið Nora við hafskipabryggjuna á

¹³ Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1924, bls. 333

¹⁴ J. Johnsen, 1847, bls. 183

¹⁵ Ný jarðabók fyrir Ísland, 1861, bls. 74

¹⁶ Eggert Ólafsson, 1981, bls. 364

¹⁷ Örnefnaskrá – Geirseyri og Vatneyri

¹⁸ Jóhann Skaptason, 1959, bls. 130

¹⁹ Gísli Már Gíslason & Ólafur B. Thoroddsen, 2020, bls. 46

²⁰ Kristján Jónsson, 1942, bls. 107


Geirseyri í slæmu óveðri og var það flutt nokkrum dögum seinna inn fyrir Þúfneyri. Gerði þá aftur mikinn vind og strandaði skipið alveg á eyrinni.²¹

Á árunum 2009 – 2010 gerðu Ragnar Edvardsson og Arnar Þór Egilsson fornleifakönnun á sjávarbotninum við Þúfneyri. Við könnunina fannst ein möguleg staðsetning skipsflaks en ekkert öruggt flak fannst.²²

²¹ Sigurður Magnússon, 1985, bls. 106

²² Ragnar Edvardsson & Arnar Þór Egilsson, 2011, bls. 23-24

5. FORNLEIFASKRÁ

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
V-Barðastrandarsýsla	Vesturbyggð	Geirseyri	Geirseyri
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	4.5.2026	271430	573651
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Tóft	Híbýli	Búsetuminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning 	
3575-001	1550 – 1900		
Vegghæð	Veggjabykk		
0 – 0,4 m	1 m		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanlegar	Nei		
Horfin	Hætta tilefni	Mynd 3. Uppmæling af húsgrunni [3547-001].	
	Vegna framkvæmda		
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			
Lýsing			
Grjóthlaðinn grunnur af þurrabúð sem stóð á Þúfneyri. Norður og austur hliðar eru að hluta komnar undir gras. Hleðslurnar eru um 1 m breiðar og allt að 0,4 m háar. Hleðslurnar eru gerðar úr þokkalega stóru grjóti með flötu fjörugrjóti inn á milli stærri steinanna. Heimildir eru fyrir því að þetta hafi verið steinhús. Í þurrabúðinni bjó maður sem leit eftir skipum sem lágu við eyrina.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
		Á SV verðri Þúfneyri skammt frá fjöruborðinu.	
		Athugasemd	
		Heimildir	
		Örnefnaskrá – Geirseyri og Vatnseyri. Örnefnaskrá – Patreksfjarðarflói. Jóhann Skaptason, 1959, bls. 130. Gísli Már Gíslason & Ólafur B. Thoroddsen, 2020, bls. 46.	


Mynd 4. Drónamynd af húsgrunni [3575-001].

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
V-Barðastrandarsýsla	Vesturbyggð	Geirseyri	Geirseyri
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	4.5.2026	271456	573643
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Hleðsla	Óþekkt	Óskilgreind
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3575-002	1550 – 1900	 Mynd 5. Horft vestur yfir hleðslu [3575-002].	
Vegg hæð	Veggjabykk		
0 – 0,3 m	2,5 m		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanleg	Nei		
Horfin	Hætta tilefni		
	Vegna framkvæmda		
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			
Lýsing			
Hleðsla með óþekkt hlutverk. Mögulega tengist hún skipalæginu sem var við Þúfneyri. Hleðslan er nánast ferhyrind og virðist ganga undir grassvörðinn. Hún er allt að 0,3 m há og var mæld um 2,5 m breið.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
 Mynd 6. Drónamynd af hleðslu [3575-002].		Á SV verðri Þúfneyri alveg við fjöruborðið, um 12 m austan við þurrabúð [3575-001].	
		Athugasemd	
Heimildir			

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
V-Barðastrandarsýsla	Vesturbyggð	Geirseyri	Geirseyri
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	4.5.2026	271465	573610
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
Nora	Heimild	Farartæki	Sjávarútvegsminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3575-003	1903-1905	 Mynd 7. Ljósmynd af Noru tekin á árunum 1910-1920 þar sem flakið liggur í fjöruborðinu á Þúfneyri.	
Vegghæð	Veggjaþykkt		
Ástand	Friðlýst		
Sést ekki	Nei		
Horfin	Hætta tilefni		
Já	Vegna framkvæmda		
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			
Lýsing			
Heimild um skipsflak. Sigurður Magnússon, sem var læknir á Patreksfirði, minnst þess í æviminningum sínum að annan hvorn veturinn 1903-4 eða 1904-5 laskaðist norska skipið Nora við hafskipabryggjuna á Geirseyri í slæmu óveðri og var það flutt nokkrum dögum seinna inn fyrir Þúfneyri. Gerði þá aftur mikinn vind og strandaði skipið alveg á eyrinni. Engar leifar af skipsflakinu eru sjáanlegar í dag.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
 Mynd 8. Ljósmynd tekin nokkurnvegin á sama stað og ljósmyndin frá 1910-1920.		Skipið strandaði á SA verðri eyrinni.	
		Athugasemd	
		Heimildir	
		Sigurður Magnússon, 1985, bls. 106 Sarpur: https://sarpur.is/is/collection/item/670945/	

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
V-Barðastrandarsýsla	Vesturbyggð	Geirseyri	Geirseyri
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	4.5.2026	271494	573589
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Heimild	Skipalægi	Sjávarútvegsminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3575-004	1550 – 1900	 Mynd 9. Horft SA yfir staðsetningu skipalægis [3575-004].	
Vegghæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Heillegar	Nei		
Horfin	Hætta tilefni		
Nei	Vegna framkvæmda		
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hættu			
Lýsing			
Ýmsar heimildir eru fyrir því að skip hafi legið utan við Þúfneyri. Í ferðabók Eggerts og Bjarna var talað um höfn sem var nokkru innar í firðinum en höfnin á verslunarstaðnum, líklega var þar átt við Þúfneyri. Eyrin gefur gott skjól fyrir hafstraumum og hefur hún því verið prýðis skjól fyrir skipin.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
 Mynd 10. Horft suður yfir staðsetningu skipalægis [3575-004].		Utan við Þúfneyri.	
		Athugasemd	
		Heimildir	
		Eggert Ólafsson, 1981, bls. 364	

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
V-Barðastrandarsýsla	Vesturbyggð	Geirseyri	Geirseyri
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	4.5.2026	271323	573758
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Gata	Leið	Samgönguminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3575-005	1550 – 1900		
Vegghæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanlegar	Nei		
Horfin	Hætta tilefni		
Að hluta	Vegna framkvæmda		
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			
Lýsing			
Gata sem liggur upp NV verða hlíðina á Þúfneyri. Gatan er um 5m breið og var mæld á um 180 m kafla. Efst hverfur hún undir Barðastrandarveginn en neðst hefur hún horfið undir sjávarmöl og ruðning frá því að Barðastrandavegurinn var lagður. Gatan hefur að öllum líkindum einnig legið þar sem núverandi vegur niður á eyrina er.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
 Mynd 12. Gata [3575-005] á herforingjaráðskorti Dana frá 1903 – 1915.		Í hlíðinni á NV verðri eyrinni.	
		Athugasemd	
		Heimildir	
		Náttúrufræðistofnun – Söguleg kort: https://atlas.lmi.is/mapview/?application=saga_kort	

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
V-Barðastrandarsýsla	Vesturbyggð	Geirseyri	Geirseyri
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	4.5.2026	271374	573739
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Jarðrækt	Matjurtagarður	Landbúnaðarminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning 	
3575-006	1550 – 1900		
Vegghæð	Veggjabykt		
0 – 0,4 m	0,5 m		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanlegar	Nei		
Horfin	Hætta tilefni		
Nei	Vegna framkvæmda	Mynd 13. Uppmæling af matjurtagarði [3575-006].	
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			
Lýsing			
Matjurtagarður frá þurrabúðinni á Þúfneyri. Einföld grjóthleðsla er í kringum garðinn á þremur hliðum og er hún 0 – 0,4 m há og um 0,5 m breið að jafnaði. Suður hlið hleðslunnar er að stórum hluta hrunin niður brekkuna.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
		Í bratttri hlíðinni ofan við Þúfneyri, beint fyrir ofan tjörnina á vestanverðri eyrinni.	
		Athugasemd	
		Heimildir	

Mynd 14. Drónamynd af matjurtagarði [3575-006].

6. NIÐURSTÖÐUR

Alls voru sex minjar skráðar innan skipulagssvæðisins á Þúfneyri. Flestar minjarnar tengjast skipalæginu við eyrina [3575-004]. Telja má þurrabúð [3575-001] og matjurtagarð [3575-006] með í þeirri tenginu þar sem þær eru afleiðing af skipalæginu en hlutverk þess sem bjó í þurrabúðinni var að hafa eftirlit með skipunum. Einar minjar voru skráðar með óþekkt hlutverk, hleðsla [3575-002], en miðað við staðsetningu hleðslunnar, við fjöruborðið skjól megin á eyrinni, er ekki ólíklegt að hún tengist starfsemi við skipalægið á einhvern hátt. Ein heimild um skipsflak var skráð [3575-003], en það var norskt skip sem hét Nora. Það skemmdist við höfn á Geirseyri í slæmu veðri og var flutt þaðan yfir á Þúfneyri þar sem það strandaði endanlega.

Ein gata var skráð [3575-005] en hana er að finna á Herforingjaráðskortum Dana sem voru gerð á árunum 1903 – 1915.

6.1 Niðurstöður vegna tilefnis

Allar minjar innan skráningarsvæðisins voru taldar í hættu vegna tilefnis þar sem þær voru allar innan skipulagssvæðisins. Þar sem endanlegt skipulag fyrir svæðið var ekki klárt þegar skráningin var gerð er ekki hægt að segja til um hvort minjarnar séu í beinni hættu vegna framkvæmdanna eða ekki.

7. HEIMILDASKRÁ

- Árni Magnússon & Páll Vídalín. (1924). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dala- og Barðastrandarsýsla*. Kaupmannahöfn: S.L. Möller.
- Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 1-16. bindi.* (1947-1950). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Eggert Ólafsson. (1981). *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757* (B. I). Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlyngur hf.
- Gísli Már Gíslason & Ólafur B. Thoroddsen. (2020). *Rauðasandshreppur hinn forni. Árbók Ferðafélags Íslands 2020*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.
- J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.
- Jóhann Skaptason. (1959). Barðastrandarsýsla. *Árbók Ferðafélags Íslands*.
- Kristín Sylvía Ragnarsdóttir. (2025). *Lagnaskurður frá sjó í spennustöð við Þúfneyri á Patreksfirði. NV nr. 33-25*. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.
- Kristján Jónsson. (1942). *Barðstrendingabók*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- Náttúrufræðistofnun.* (án dags.). Sótt frá Náttúrufræðistofnun - Söguleg kort: https://atlas.lmi.is/mapview/?application=saga_kort
- Ný jarðabók fyrir Ísland.* (1861). Kaupmannahöfn: J. H. Schultz.
- Ragnar Edvardsson & Arnar Þór Egilsson. (2011). Archaeological Assessment of Selected Submerged Sites in Vestfirðir. *Archaeologica Islandica*, 9, bls. 9-28.
- Sarpur. (án dags.). *Sarpur*. Sótt frá Eyri: <https://sarpur.is/is/collection/item/670945/>
- Sigurður Magnússon. (1985). *Æviminningar læknis*. Reykjavík: Iðunn.

Óútgefnar heimildir

Örnefnaskrá – Geirseyri og Vatnseyri. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands

Örnefnaskrá – Patreksfjarðarflói. Jón Guðmundsson skráði. Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands

8. PUNKASKRÁ

NR.	MINJAFLOKKUR	TEGUND	HLUTVERK	ÁSTAND	EASTINGS	NORTHINGS
3575-001	búsetuminjar	tóft	híbýli	vel greinanlegar	271429.997	573651.845
3575-002	óskilgreind	hleðsla	óþekkt	vel greinanlegar	271456.916	573643.555
3575-003	sjávarútvegsminjar	heimild	farartæki	sést ekki	271465.208	573610.884
3575-004	sjávarútvegsminjar	heimild	skipalægi	heillegar	271494.656	573589.179
3575-005	samgönguminjar	gata	leið	vel greinanlegar	271323.680	573758.220
3575-006	landbúnaðarminjar	jarðrækt	matjurtagarður	vel greinanlegar	271374.857	573739.847

9. KORT



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
Fornleifadeild

- Staðsetning minja
- Mælingar - flákar
- Mælingar - línur
- Skráningarsvæði

0 50 100 150 m



Kort 1.
Yfirlitskort yfir skráðar minjar á Þúfneyri
Skali 1:2500



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
Fornleifadeild

- Staðsetning minja
- Mælingar - flákar
- Mælingar - línur
- Skráningarsvæði



Kort 2.
Kort yfir skráðar minjar á Þúfneyri
Skali 1:1000